

Borgarbyggð
Þóra Júlíusdóttir
Borgarbraut 14
300 Borgarnes

Reykjavík, 5. maí 2022
UST202203-311/A.B.
10.04.02

Efni: Tillaga – Breyting á aðalskipulagi Borgarbyggðar 2010 - 2022 - Jarðræktarmiðstöð á Hvanneyri

Vísað er til erindis verkefnastjóra skipulags- og byggingardeildar Borgarbyggðar er barst 24. mars sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að breytingu á aðalskipulagi Borgarbyggðar 2010 - 2022 vegna jarðræktarmiðstöðvar Landbúnaðarháskóla Íslands (LBHÍ) á Hvanneyri.

Í greinargerð kemur fram að breytingin gengur út á að svæði undir þjónustustofnun (P1) stækkar til austurs, þ.e. að opnu svæði O2, um 1,1 ha og verður 3 ha eftir breytingu. Landbúnaðarland minnkar sem því nemur. Einnig þarf að breyta nýtingarhlutfalli þjónustustofnunar. Nýtingarhlutfallið var 0,05 en verður 0,35.

Auk þess kemur fram að fyrirhugað er að reisa nýja jarðræktarmiðstöð LBHÍ. Byggingin á að rísa suðaustan við núverandi bútæknihus á núverandi túnnum en ekki er verið að skerða gott ræktanlegt land. Áætlað byggingarmagn jarðræktarmiðstöðvar er frá 1000-1500 m². Einnig er áætlað að reisa tvö gróðurhús austan jarðræktarmiðstöðvar. Byggingarmagn hvers gróðurhúss verður um 1500 m².

Valkostagreining

Í greinargerð tillögunnar kemur fram að tillagan muni hafa áhrif á verndarsvæðið en að áhrifin verði óveruleg. Stofnunin tekur undir að tillagan muni hafa áhrif á búsvæðið og verndargildi svæðisins. Auk þess kemur fram að afmörkun friðlýsts svæðis NF2 nær yfir Hvanneyri og er því engin möguleiki fyrir jarðræktarmiðstöðina að vera fyrir utan friðlýst svæði. Umhverfisstofnun bendir á að mikilvægt sé að skoða svæði til uppbyggingar sem mun ekki raska verndargildi svæðisins, búsvæðum fuglanna og svæðum sem fuglarnir nýta til fæðuöflunar.

Í umsögn stofnunarinnar um lýsingu tillögunnar vísaði stofnunin í talningu Náttúrustofu Vesturlands¹ og benti stofnunin á mikilvægi þess að litið sé til þeirra rannsókna.

Í stjórnunar- og verndaráætlun fyrir búsvæðið² segir að ræktuðu svæðin, einkum þau tún sem slegin eru á Hvanneyri, Ausu og Árdal, eru mikilvæg beitarlönd fyrir grænlsku blesgæsina. Auk þess segir í áætluninni, þar sem talað er um landbúnað, að „*benda má á að vist blesgæsanna er að hluta til háð því að hefðbundnar landbúnaðarnytjar haldist.*“

¹ <https://public.tableau.com/app/profile/rachel.stroud1254/viz/Hvanneyrigoosefielduse2017/Dashboard1>

² <https://ust.is/library/Skrar/Einstaklingar/Nattura/Fridlyst-Svaedi/Stj%c3%b3nunar-%20og%20verndar%c3%a1%c3%a6tlun%20fyrir%20verndarsv%c3%a6%c3%b0i%c3%b0%20%c3%ad%20Andak%c3%adl%20m%20undirritun.pdf>



UMHVERFIS

STOFNUN

Því telur stofnunin að mikilvægt sé að skoða frekari valkosti fyrir uppbyggingu jarðræktarmiðstöðvarinnar, þ.e. svæði sem hafa ekki áhrif á verndargildi fuglanna.

Framtíðarsýn sveitarfélagsins

Í greinargerð kemur fram að breytingin hafi jákvæð áhrif á þróun starfsemi Landbúnaðarháskólans á Hvanneyri, þar sem fyrirhuguð jarðræktarmiðstöð mun styrkja stöðu hans. Umhverfisstofnun tekur undir að uppbygging miðstöðvarinnar muni hafa jákvæð áhrif á starfsemi Landbúnaðarháskólans. Hins vegar þarf að meta hvort að uppbyggingin og breytingin kalli á aðra uppbyggingu innviða á Hvanneyri, sem mun hafa áhrif á verndargildi friðlandsins.

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að sveitarfélagið líti á verkefnið heildstætt þar sem horft sé til uppbyggingar háskólans og samfélagsins á Hvanneyri í sátt við verndarsvæði friðlandsins við Andakíl um ókomna framtíð.

Samráð

Umhverfisstofnun bendir á að þar sem framkvæmdir á hinu friðlýsta svæði eru háðar leyfi Umhverfisstofnunar er nauðsynlegt að samvinna verði við stofnunina varðandi gerð tillögunnar. Því óskar stofnunin eftir fundi með sveitarfélaginu varðandi tillögugerðina.

Auk þess bendir stofnunin á mikilvægi þess að óskað sé eftir álit frá Náttúrustofu Vesturlands varðandi verkefnið.

Virðingarfyllst,

Axel Benediktsson
sérfræðingur

Agnes Þorkelsdóttir
sérfræðingur